



Reykjavík, 12. mars 2020

Efni: Minnisblað SFS vegna ferðabanns bandarískra yfirvalda í tengslum við COVID-19

Minnisblað þetta er unnið af Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) vegna ferðabanns bandarískra yfirvalda í tengslum við COVID-19. Bannið tekur gildir á miðnætti á morgun, föstudaginn 13. mars, og gildir í 30 daga. Minnisblaði þessu er ætlað að veita upplýsingar um umfang viðskipta með íslenskar sjávar- og eldisafurðir til Bandaríkjanna og hver möguleg áhrif kunna að verða af nefndum aðgerðum bandarískra yfirvalda. Taka ber fram að minnisblaðið er unnið á skömmum tíma. Fyrirvara verður því að gera við mat á mögulegum áhrifum, enda getur fjöldi þátta, sem ekki eru fyrirséðir, haft áhrif og ítarlegra upplýsinga hefur ekki verið unnt að afla.

Útflutningsverðmæti íslenskra sjávar- og eldisafurða til Bandaríkjanna nam rúmlega 26,4 milljörðum króna árið 2019. Það er um 9,3% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða frá Íslandi en vægi Bandaríkjamárkadaðar hefur stórukist á undanfönum árum. Kemur það til af auknum útflutningi á ferskum sjávar- og eldisafurðum. Umfang helstu flokka afurða var með eftirgreindum hætti:

- Ferskar afurðir: 14,2 milljarðar króna
- Frystar afurðir: 7,1 milljarðar króna
- Eldisafurðir: 3,5 milljarðar króna
- Annað (saltað, niðurlagt etc.): 1,6 milljarðar króna

1. Umfang viðskipta á umliðnum árum með ferskar sjávarafurðir (villtur fiskur)

Bandaríkin eru annar stærsti markaður Íslendinga fyrir ferskar sjávarafurðir og hefur hann vaxið verulega á undanfönum árum. Á árinu 2019 voru fluttar út ferskar sjávarafurðir fyrir 14,2 milljarða króna, sem er um fimmtungur af heildarverðmæti útfluttra ferskra afurða á árinu. Er hér að langmestu leyti um þorskafurðir að ræða (um 70% árið 2018) og svo ýsuafurðir (um 24% árið 2018). Langmest er flutt með flugi eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða til Bandaríkjanna, í milljónum króna

	2015	2016	2017	2018	2019
Sjávarafurðir alls	18.386	18.718	17.419	20.986	22.937
þar af ferskar	7.809	9.215	8.703	11.238	14.174
þar af ferskar með flugi	7.778	9.157	8.509	10.977	13.275
Hlutfall ferskra afurða með flugi	100%	99%	98%	98%	94%

Eftirfarandi tafla er eins og sú sem er hér á undan, nema hér kemur magn í stað verðmæta. Sagan er sú sama.

Magn útfluttra sjávarafurða til Bandaríkjanna, í tonnum

	2015	2016	2017	2018	2019
Sjávarafurðir alls	20.322	21.660	22.609	26.219	22.826
þar af ferskar	5.912	7.418	7.950	9.332	10.009
þar af ferskar með flugi	5.864	7.293	7.653	9.070	9.263
Hlutfall ferskra afurða með flugi	99%	98%	96%	97%	93%

Heimild: Hagstofa Íslands

Neðangreind tafla sýnir jafnframt verðmæti útfluttra sjávar- og eldisafurða hvern mánuð á árunum 2018 og 2019.

Dreifing útfluttra ferskra sjávar- og eldisafurða eftir mánuðum, í milljónum króna

	jan	feb	mar	apr	maí	jún	júl	ágú	sep	okt	nóv	des
Ferskar sjávarafurðir	1.155	907	1.297	1.090	1.443	1.068	1.359	1.027	1.217	1.600	976	1.032
Eldisafurðir	286	262	331	509	361	227	165	144	181	392	298	344
Dreifing innan ársins í %												
Ferskar sjávarafurðir	8,2%	6,4%	9,2%	7,7%	10,2%	7,5%	9,6%	7,2%	8,6%	11,3%	6,9%	7,3%
Eldisafurðir	8,2%	7,5%	9,5%	14,5%	10,3%	6,5%	4,7%	4,1%	5,2%	11,2%	8,5%	9,8%

Heimild: Hagstofa Íslands

SFS hafa í dag aflað upplýsinga frá nokkrum fjölda sjávarútvegsfyrirtækja til að reyna að meta betur möguleg áhrif aðgerða bandarískra stjórnvalda. Mjög mismunandi er hversu mikil þau verða á einstök fyrirtæki. Útflutningur á ferskum afurðum með flugi til Bandaríkjanna getur verið allt frá 3% upp í 70% af heildarútflutningi einstakra fyrirtækja. Þessi markaður er hins vegar sérstaklega mikilvægur þessa dagana þegar framleiðsla í Noregi er mikil, en þá skiptir Bandaríkjamarkaður máli til að halda verðum háum.

Það er ekki raunhæft að flytja ferskar afurðir með skipum til Bandaríkjanna því siglingartími þangað frá Íslandi er 10-11 dagar, auk þess sem tafir geta orðið vegna afgreiðslu tollyfirvalda.

Ef illa gengur að selja ferskar afurðir inn á Bandaríkjamarkað munu mögulega þeir sem geta flytja sig yfir í frystar afurðir. Þeir sem ekki hafa þann möguleika, þ.e. þeir sem hafa sérhæft sig í ferskum afurðum, verða án vafa fyrir meiri áhrifum en aðrir.

Geta annarra ferskfiskmarkaða til að bæta við sig er ekki mikil. Vart hefur orðið við tregðu í kaupum á ferskum fiski, t.d. á Þýskalandsmarkaði, en þar virðast neytendur í töluverðum mæli vera farnir að hamstra frystan fisk. Markaðir fyrir frystan þorsk hafa verið góðir en framundan er mikil óvissa. Mikil verðlækkun gæti skolið á ef aukning verður inn á markaði í Evrópu af afurðum sem áður fóru á Bandaríkjamarkað. Þá

verður ekki hjá því litið að aðgerðir stjórnvalda í Evrópu, til þess að sporna við útbreiðslu COVID-19, eru líklegar til að hafa áhrif á neyslu og kauphegðun fólks. Neysla dregst saman á veitingastöðum, þ.m.t. á sjávarfangi, og minnkandi kaupmáttur kann að leiða til þess að neytendur velji almennt ódýrara prótein en íslenskan fisk.

2. Umfang viðskipta með eldisafurðir á umliðnum árum

Bandaríkin hefur verið helsta viðskiptaþjóð Íslendinga með eldisafurðir. Á árinu 2019 voru fluttar út eldisafurðir fyrir 3,5 milljarða króna til Bandaríkjanna. Flutningsmáti þeirra er langmestur flugleiðis, eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

Útflutningsverðmæti eldisafurða til Bandaríkjanna, í milljónum króna					
	2015	2016	2017	2018	2019
Eldisafurðir alls	2.454	2.365	2.312	2.531	3.500
þar af með flugi	1.884	1.990	1.894	2.315	3.367
Hlutfall eldisafurða með flugi	77%	84%	82%	91%	96%

Heimild: Hagstofa Íslands

Eftirfarandi tafla er eins og sú sem er hér á undan, nema hér kemur magn í stað verðmæta.

Magn útfluttra eldisafurða til Bandaríkjanna, í tonnum					
	2015	2016	2017	2018	2019
Eldisafurðir alls	1.981	2.096	1.963	2.515	2.730
þar af með flugi	1.438	1.698	1.659	2.274	2.636
Hlutfall eldisafurða með flugi	73%	81%	84%	90%	97%

Heimild: Hagstofa Íslands

Hafa ber í huga að framleiðsla á eldisafurðum hefur aukist á þessu ári og því samhliða útflutningur á þeim. Í janúar var rúmlega 50% aukning á útflutningi á eldisafurðum til Bandaríkjanna frá janúar í fyrra, hvort sem litið er til magns eða verðmæta.

SFS hafa aflað upplýsinga frá stærstu fiskeldisfyrirtækjum hér á landi, með það að markmiði að meta betur möguleg áhrif aðgerða bandarískra stjórnvalda. Hér fara helstu sjónarmið sem fram hafa komið:

- Staða laxeldisfyrirtækja gagnvart ferðabanni til Bandaríkjanna er misjöfn. Sum fyrirtæki eru alfarið háð Bandaríkjamarkaði með alla sína sölu á meðan önnur flytja misstórt hlutfall sinnar framleiðslu þangað. Öll munu þau þó fyrirsjáanlega verða fyrir miklum óbeinum áhrifum.
- Möguleikar á því að flytja lax til Bandaríkjanna með skipum:
 - Flutningur með skipi tekur um 10-11 daga, auk þess sem tafir geta orðið vegna afgreiðslu tollyfirvalda.

- Flutningur með skipi krefst þess að laxinn sé frystur. Það eykur bæði framleiðslukostnað og lækkar söluverð. Á móti lækkar fraktkostnaður. Eitt fyrirtæki áætla að tapið nemi að meðaltali 1 USD á kg.
- Möguleikar til að koma afurðum á aðra markaði:
 - Öll fyrirtækin eru sammála um að Evrópa sé eini fyrirsjáanlegi markaðurinn sem getur tekið við framleiðslunni.
 - Lægra verð fæst fyrir laxinn í Evrópu. Bandaríkjamenn vilja stærri fiska og salan er mest inn á veitingastaði, t.d. sushi staði, sem greiða hærra verð. Í Evrópu er meira um að laxinn sé reyktur og unninn í neytendapakkingar.
- Önnur áhrif
 - Ferðabannið nær líka til Noregs og Hollands, sem verður fyrirsjáanlega þess valdandi að Norðmenn beina sínum eldislaxi frá Osló og Hollandi í gegnum Bretland. Umfang norskrar framleiðslu mun leiða til þess að íslensk laxeldisfyrirtæki munu eiga erfitt með að koma sínum fisk áleiðis til Bandaríkjanna í gegnum Bretland.
 - Evrópumarkaðurinn mun yfirmettast og verð lækka.
 - Stórir kaupendur í Evrópu hafa boðað að keypt verði minna af fisk á næstunni (allt að 50%). Sem dæmi má nefna, að Seaborn, sölu- og dreifingaraðili fyrir íslensk laxeldisfyrirtæki, hefur selt um 100 tonn á viku til Ítalíu. Í síðustu viku var það magn komið niður í 4 tonn.
 - Eitt fyrirtæki flytur alla sína framleiðslu til Bandaríkjanna. Ef raskanir verða á afhendingu getur fyrirtækinu verið gert að sæta samningsbundnum sektum. Staðan getur einnig leitt til erfiðleika við að komast inn á bandaríkjamarkað aftur.

3. Samantekt

Af fyrrgreindu má ljóst vera að aðgerðir bandarískra yfirvalda munu hafa töluverð neikvæð áhrif á sjávarútveg. Leitað er allra leiða til takmarka þessi áhrif. Í því sambandi kann aukið fraktflug að gagnast, að því gefnu að framboð á því sé til staðar og leiðarkerfi flugfélagsins henti þeim landfræðilegu mörkuðum í Bandaríkjunum sem fyrirtækin selja sjávarafurðir inn á. Ljóst er að Ícelandair mun ekki fljúga með frakt til allra þeirra áfangastaða sem sjávarafurðir hafa til þessa farið á með farþegaflugi félagsins. Líkur má því telja á töluverðri röskun og neikvæðum áhrifum hvað viðskipti með ferskar sjávarafurðir varðar.

Þrátt fyrir að aðgerðir bandarískra stjórnvalda hafi verið boðaðar í 30 daga, verður að gera fyrir því ráð að þær muni standa lengur. Hömlur á viðskiptum til lengri tíma hafa eðli máls samkvæmt í för með sér djúpstæðari áhrif, þar sem hlutdeild á mörkuðum kann þá að vera töpuð til lengri tíma. Lengri tíma mun því taka að ná viðskiptum og tekjum tilbaka, hugsanlega með lækkuðu verði afurða, og kostnaður við markaðssetningu og sölu kann jafnframt að aukast þegar nefndum aðgerðum verður hætt.

Þá verður ekki hjá því litið að verulegt tekjutap knýr fyrirtæki til hagræðingaraðgerða. Áhrif aðgerða bandarískra stjórnvalda, ásamt öðrum markaðsbrestum sem kunna að koma til vegna COVID-19, geta því

haft viðtæk áhrif á starfsfólk, birgja og kröfuhafa sjávarútvegs- og eldisfyrirtækja. Ætla má að áhrifin verði meiri í dreifðari byggðum landsins en á höfuðborgarsvæðinu, enda vægi þessara atvinnugreina töluvert meira á landsbyggð.